



2012

Þjóðarspejillinn

# Hvað er hefð?

Cilia Marianne Úlfsdóttir

Félags- og mannvísindadeild

Ritstjórar

Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Hvað er hefð?

Cilia Marianne Úlfsdóttir

Hefð er sammanleg. Allir hópar eiga sér sínar hefðir og hefðir hvers hóps eru sérstakar. Hefðir eru hluti af því sem hópar nota til að sýna út á við hverjir þeir eru, hvað felst í því að tilheyra tilteknum hóp. Þannig eru hefðir mikilvægur hluti af tilveru og sjálfsmynd einstaklinga. Til þess að ræða um það hvað hefðir eru er nauðsynlegt að skoða fyrst hverjum hefðir tilheyra, þ.e.a.s. hópa í hinum ýmsu myndum.

## Hópar og sjálfsmynd

Hópar geta verið margskonar, fjölskyldur eru ein tegund hópa, þjóðir önnur. Hver einstaklingur tilheyrir þar af leiðandi ekki einum hóp heldur mörgum á sama tíma; þú tilheyrir hópum sem samanstanda af fjölskyldunni, samstarfsfólkinu, vinunum og þjóðinni. Hverjum hóp tilheyra ákveðnar reglur um það hvernig rétt sé að hegða sér innan hópsins og hefðir eru ákveðin leið fyrir hópinn að miðla þeim gildum sem þykja viðeigandi innan hvers hóps fyrir sig. Samkvæmt skilgreiningu Homans (1950) á hópum þá eru þeir samsafn einstaklinga sem hafa samskipti sín á milli, í skilgreiningu sinni gengur hann þó of langt að mati höfundar þar sem hann segir hópa vera ákveðinn fjöldi einstaklinga sem eiga í samskiptum, oft yfir ákveðið og afmarkað tímabil, sem eru nógu fáir til þess að hver einstaklingur geti átt í beinum samskiptum við alla hina, ekki í gegnum aðra, heldur augliti til auglitis (Homans, 1950, bls. 1). Þessi beinu persónulegu tengsl sem Homans leggur svo mikla áherslu á útiloka ýmsa hópa sem finna má í nútímasamfélagi sem byggja á öðru en búsetu eða líkamlegri nánd einstaklinganna. Sem dæmi má nefna ýmiskonar hópa þar sem einstaklingar sameinast um sameiginleg áhugamál á netinu eða hópa fræðimanna sem eiga í fræðilegum samskiptum sín á milli í gegnum ýmsa miðla án þess að hittast augliti til auglitis. Einstaklingar geta þannig tilheyrt sama hóp og tileinkað sér sömu hefðir án þess að hittast nokkurn tímann (Noyes, 2003).

Ein besta skilgreiningin, sem nær samtímis utan um hugtökin hóp, hefð og sjálfsmynd, er skilgreining Dundes (1965) á hópum:

The term 'folk' can refer to *any group of people whatsoever* who share at least one common factor. It does not matter what the linking factor is – it could be a common occupation, language or religion – but what is important is that a group formed for whatever reason will have some traditions which it calls its own. In theory a group must consist of at least two persons, but generally most groups consist of many individuals. A member of a group may not know all other members, but he will probably know the common core of traditions belonging to the group, traditions which help the group to have a sense of group unity (Dundes, 1965, bls. 2).

Í þessari skilgreiningu Dundes kemur greinilega fram mikilvægi hefða fyrir hópa, hefðir eru sameiningartákn hópanna, það eru hefðirnar sem allir einstaklingar innan hópsins eiga sameiginlegar og þær eru oft á tíðum það sem einkennir hópinn út á við.

## Til hvers eru hefðir?

Hefðir eru margskonar. Hátíðirnar sem við höldum eru ákveðin gerð hefða, það sama á við um þann fatnað sem við klæðumst, hvernig við skreytum líkama okkar, hvaða matar við neytum og svo framvegis. Oft eru ýmsar venjur sem hópar telja ásættanlegar „merktar“ með hugtakinu hefð til þess að veita þeim meira gildi innan hópsins. Þekkt dæmi um þetta eru þorrabakkarnir sem tilheyra hátíðarhöldum margra á Þorranum. Slíkir bakkar, í þeirri mynd sem þeir þekkjast í dag, voru fyrst seldir af veitingastaðnum Naustinu árið 1956 (Árni Björnsson, 1986) og urðu fljótlega órjúfanlegur hluti af matarveislum Íslendinga á þessum árstíma. Svo má ræða enn frekar um það ljúfmeti sem er á borðum á þessum árstíma, því að margir erlendir ferðamenn eru hvattir til að borða ýmiskonar súrmeti sem mörgum Íslendingum dettur ekki í hug að láta inn fyrir sínar varir undir því yfirskini að svona mat borði allir alvöru „víkingar.“

Við notum þannig hefðir til að sýna fram á tilvist hópsins, hvort sem að hefðirnar eru eitthvað sem allir einstaklingar innan hópsins taka þátt í eða ekki. Þetta er gert til þess að skilja á milli þess sem að *við* gerum og *himir* gera ekki. Hefðir sameina einstaklinga innan hópa, hjálpa til við að skapa það sem Turner kallaði *communitas* eða hópsamkennd (Turner, 1969), um leið og þær aðgreina hópinn frá öðrum hópum (Handler, í Noyes, 2003; Klein, 1997). Hugtakið hópur er því notað um einstaklinga sem nota sameiginlegar hefðir sínar til þess að skilgreina sig sem afmarkaðan hóp og samtímis að greina sig frá öðrum hópum um leið og hefðirnar eru það sem sameinar hópinn í eina heild. Það er ætlast til þess að meðlimir hópsins þekki hefðirnar sem sameina hann og að þeir kunni að fara með þær á „réttan“ hátt. Ef einstaklingur hefur hug á því að verða hluti af nýjum hóp er nauðsynlegt fyrir hann að læra hvernig er ætlast til þess að hann hegði sér og þekki þær hefðir sem tilheyra hópnum. Þar sem hverjum hóp tilheyra ákveðnar hefðir, siðir og reglur um viðeigandi hegðun þá eru einstaklingar í nútímasamfélagi sífellt að skipta um hlutverk til að sýna þá mynd sem er viðeigandi hverju sinni (Goffman, 1959). Við tilheyrum mörgum hópum og hverjum hóp fylgir ákveðið hlutverk. Sama manneskjan getur verið barn, maki, foreldri, vinnufélagi og vinur á sama tíma. Í hverju þessara hlutverka felst svo ákveðin sjálfsmynd, það er hvernig við viljum og teljum að aðrir sjái okkur.

Lacan (1977) fjallar um það hvernig sjálfsmynd einstaklings verður til. Þegar barn uppgötvar spegilmynd sína sér það sjálft sig í fyrsta skipti utan frá. Þannig verður spegilmyndin til þess að hugmynd barnsins um sjálft sig, séð utan frá, verður til. Þegar barnið eldist fer það að nota umhverfi sitt, hópinn sinn, til þess að spegla sig í. Þannig eru það viðbrögð, jákvæð eða neikvæð, þeirra sem barnið umgengst sem kenna því hvernig er *rétt* að hegða sér. Rétt hegðun kallar á jákvæð viðbrögð og rétt hegðun felst að miklu leyti í því að þekkja hefðirnar sem hópurinn viðurkennir. Því er það að þekkja þær hefðir og þá siði sem fylgja hverju hlutverki fyrir sig mikilvægt til að félagslegi spegillinn gefi jákvæðar niðurstöður. Hefðir eru því mikilvægt atriði þegar hópar eru skoðaðir og gegna mikilvægu hlutverki í sjálfsmyndarsköpun þeirra.

En hversvegna hafa hefðir svona mikið gildi, hvað er það sem verður til þess að við þörfnumst þeirra, búum þær til og viðhöldum þeim? Á fyrri öldum voru hefðir nauðsynleg tæki til að stýra hegðun fólks, kenna því gildi samfélagsins og þá hegðun sem ætlast var til að einstaklingar innan hóps sýndu. En hver er þá tilgangur slíkra hefða í nútímasamfélagi, þar sem það kemur í hlut opinberra stofnanna eins og menntakerfis og löggæslu að kenna og framfylgja réttri hegðun? Hversvegna hafa hefðir ekki lognast út af í nýrri samfélagsgerð? Á núnda áratug síðustu aldar ritstýrði sagnfræðingurinn Eric Hobsbawm (1984) bók þar sem fjallað var um svokallaðar *tilbúnaðar hefðir* (*invented traditions*). Samkvæmt Hobsbawm hafa hefðir ekki tapað gildi sínu í dag, þrátt fyrir að það sé annars eðlis en áður. Hlutverk hefða, samkvæmt Hobsbawm, er ekki aðeins að sýna okkur fram á tengsl við aðra einstaklinga innan

hópsins heldur einnig að tengja okkur við gengnar kynslóðir. Það er leitast við að gera hlutina í dag eins og við ímyndum okkur að þeir hafi alltaf verið gerðir til þess að tengjast fortíðinni á einhvern hátt. Vestrænt samfélag hefur tekið gríðarlegum breytingum á undanförunum öldum. Áður fæddust menn inn í ákveðið hlutverk, ákveðinn hóp, þar sem það hlutverk sem einstakling var ætlað var mjög fastmótað af samfélaginu og því vissi einstaklingurinn ávallt til hvers var ætlast af honum. Í nútímasamfélagi eru möguleikarnir fleiri, það eru fáir sem fæðast inn í fyrirfram ákveðið hlutverk og við leikum mörg hlutverk og tilheyrum fleiri hópum. Þannig er einstaklingnum í dag í sjálfsvald sett að leita uppi sitt eigið hlutverk meðal þeirra valkosta sem honum standa til boða. Þarna koma hefðirnar til sögunnar. Þær auðvelda einstaklingnum að finna sig í því hlutverki sem hann kys sér, hvert sem það er.

## Hvað er þá hefð?

En hvað *eru* þá þessar mikilvægu hefðir, hvernig má skilgreina þær? *Hefð*, samkvæmt íslenskri orðabók, merkir rótgróinn síður (Mörður Árnason, 2007, bls. 372). Það sem um er að ræða er eitthvað sem hefur verið endurtekið það oft að allir taka því sem gefnum hlut, einhverju sem hefur „alltaf“ verið svona. Enska orðið yfir hefð, *tradition*, merkir samkvæmt ensk-íslenskri orðabók erfðavenja eða síður sem haldist hefur óbreyttur í marga ætliði (Sören Sörenson, 1999, bls. 1110). Hefðir geta tíðkast hjá einum manni, innan einnar fjölskyldu, innan eins hóps, samfélags eða þjóðar. Glassie (2003) hefur skrifað um hefð þar sem hann setur samasem-merki á milli hefðar og Sögu með stóru s-i: „History is not the past: it is an artful assembly of materials from the past, designed for usefulness in the future,“ (Glassie, 2003, bls. 176) og það má í raun segja að það sama eigi við um hefð. Hefðir dagsins í dag vísa vissulega aftur til fyrri atburða en það er ekki þar með sagt að hefðir dagsins í dag séu þær sömu (eða eins) og hefðir gærdagsins. Heimurinn tekur sífelldum breytingum og hefðirnar með. Eitt höfuðeinkenni hefða er að það er verið að vísa aftur til einhvers sem hefur áður átt sér stað en í stað þess að gera allt nákvæmlega eins þá aðlögunum við hefðirnar að breyttum aðstæðum. Gott dæmi um þetta er jólahaldið. Fólki á fyrri hluta tuttugustu aldar gaf vissulega gjafir á jólum og betri matur var yfirleitt á borðum yfir hátíðirnar. Það var kveikt á jólaljósum og fólk fékk nýja flík. En þetta sama fólk hefði líklega gapað yfir ofgnótt nútímajólahalds, yfir sætindunum, matnum og gjöfunum. Það hefðu fáir keypt sér nýjan alklaðnað fyrir hundrað árum í tilefni jóllanna. Engu að síður finnst okkur þessar athafnir ekkert minna hefðbundnar þrátt fyrir stórvægilegar breytingar á áherslum.

Einn helsti grundvöllur þess að hefðum sé viðhaldið er að þær eigi við innan þess hóps sem þær tilheyra, þrátt fyrir að merkingin geti verið yfirfærð. Sem dæmi um þetta má aftur nefna þorramatinn, ástæður þess að súrmeti var borðað fyrr á öldum var að mysan var besta geymsluaðferðin sem í boði var. Fólk át súrmeti eða skemmdan mat, það voru engir kælar til og salt var af skornum skammti. Með nýjum og betri geymsluaðferðum hefði því verið rökrétt að súrmeti hefði horfið úr mataræði Íslendinga. Hins vegar var súrmetinu fundin ný merking þar sem það átti að vísa í eitthvað gamalt og gott, eitthvað sem væri raunverulega séríslenskt þegar sumir töldu séríslenska siði eiga undir högg að sækja vegna aukins innflutnings. Þannig var súrmetinu fundin dýpri merking og þar með hefðgert.

En hversu lengi eða oft þarf að endurtaka eitthvað til þess að það megi tala um hefð? Hversu margar kynslóðir þurfa að hafa framkvæmt sama hlutinn á sama tíma daglega, vikulega eða við sambærileg tækifæri til að hægt sé að tala um hefð? Tökum sem dæmi stofnsetningu nýs framhaldsskóla. Þegar annað skólaárið á að hefjast fara að heyrast raddir sem krefjast þess að fá að busa nýja nemendur. Ef skólayfirvöld taka þá ákvörðun að leyfa busun, má þá tala um hefð? Vissulega er verið að vísa í eldri hefðir

sem tíðkast í sambærilegum skólum í landinu, en er það hefð í þessum nýja skóla? Í hversu mörg ár þarf að busa í nýja skólanum áður en það telst hefð?



Mynd 1. Hópstjórar í busun við Borgarholtsskóla 2011 (mynd í eigu höfundar)

Þrátt fyrir mikilvægi hefðarhugtaksins í ýmskonar fræðimennsku þá hafa margir bent á að fátt sé í raun um svör þegar leitast er við að skýra það á fullnægjandi hátt. Innan þjóðfræðinnar hefur áherslan til að mynda verið á að skilgreina mismunandi hefðir, t.d. sagnahefð, handverkshefð ákveðinna hópa, innvígsluhefðir o.s.frv. (sjá til dæmis Ben-Amos, 1984; Glassie, 2003 og van Gennep, 1909/1960) en fátt hefur verið um verk þar sem reynt er að skilgreina *hefð* sem regnhlífarhugtak. Oring (í prentun) gerir þó tilraun til þess að breyta þessu í grein sem hann skrifar um hefð, en þar má finna skilgreiningu á því hvað það sé sem geri hefðir að hefðum; hefðir séu hefðir aðeins vegna einhvers ferlis sem *gerir* þær að hefðum. Það er ferlið sjálft sem skapar lokaniðurstöðuna. Án ferlisins væru hefðir óaðskiljanlegar frá öllu öðru sem skapað er í menningarlegu samhengi. Oring segir að það ferli sem hefðir ganga í gegnum sé það sem hann kallar „menningarlega endursköpun“ sem vísi til þess hvernig menning er síendurtekin í gegnum flutning og endurtekingu (Oring, í prentun, bls. 222). Þarna kemur fram annað einkenni hefðanna, þær eru í raun endurvinnsla á fyrri gjörðum. Oring bætir svo við að það sem fólk ákveður að viðhalda sem hefð sé svo beintengt túlkun þess á sinni eigin fortíð (Oring, í prentun, bls. 228). Það er því reynsla fólks sem hefur mest vægi í því að ákveða hvaða hefðum skal viðhaldið, það er reynslan sem kennir fólki hvað það er sem virkar, þrátt fyrir að það liggi ekki alltaf í augum uppi hversvegna. Til að skýra þetta frekar má segja að ástæða þess að innvígslur þekkjast í einhverri mynd í öllum framhaldsskólum landsins sé vegna þess að þær vísa aftur til fortíðar og hafa þannig gildi fyrir þátttakendurnar. Það að nýir skólar taki upp slíka síði þrátt fyrir að ekki sé verið benda beint til fortíðar nýja skólans virðist það benda til þess að *allir* framhaldsskólanemendur tengjast í gegnum slíkar hefðir og að þær hafi því gildi fyrir þá sem slíkar.

Þrátt fyrir að vissan kjarna hefða sé að finna hjá ólíkum hópum, líkt og hjá hinum íslensku framhaldsskólum, þá eru slíkar hefðir aldrei nákvæmlega eins þegar tveir mismunandi hópar eru skoðaðir. Hluti af tilgangi hefðanna er, líkt og fyrir sagði, að



skilja á milli ólíkra hópa og eins og Glassie segir þá séu menning og hefð séu eins að því leiti að hvorutveggja sé skapað af einstaklingum og eins að bygging hvorutveggja sé mismunandi eftir því um hvaða hóp einstaklinga sé um að ræða. Skýringuna á þessum mun megi finna í því að mismunandi hópar lifa í mismunandi umhverfi og finni sé leiðir, sem eigi sér ákveðin grunn í sameiginlegum skilningi einstaklinganna, sem um leið og þær efli hópkennd innan hópsins séu þær ákveðin aðferð til að skilja þann hóp frá öllum öðrum hópum (Glassie, 2003, bls. 180). Þannig að umhverfi hefur alltaf áhrif á það hvernig hefðir þróast og breytast. Hefð þarf að kallast á við það umhverfi sem hún er í og um leið og hún á ekki lengur við er næsta víst að hópurinn eigi eftir að hafna henni sé henni ekki fundin ný og viðeigandi merking (samanber súrmeti að ofan). Glassie bendir einnig á að það séu alltaf einstaklingar sem skapi hefðir og að sköpunin sjálf byggji á reynslu þeirra. Það séu ástæður að baki því sem þeir geri og að það sem þeir gera hafi svo aftur áhrif á hefðirnar (Glassie, 2003, bls. 180). Þegar nýir hópar verða til, hvort sem það eru nýir framhaldsskólar eða ungt par sem er að hefja sinn búskap, er nauðsynlegt fyrir þá að skapa sér sínar eigin hefðir. Þessar hefðir sem verða til byggja ávallt að einhverju leyti á því sem einstaklingarnir þekkja úr sínu umhverfi. Tökum sem dæmi unga parið sem er að hefja búskap. Það kemur að því að þau ákveði að halda sín eigin jól. Bæði hafa þau að öllum líkindum ákveðnar hugmyndir um það hvernig eigi að halda jól, einhverjar hefðir sem þau hafa upplifað á sínum heimilum í æsku. Þannig þarf að koma til málamiðlana, hvað á að vera í matinn, hvernig á að fara að því að opna gjafirnar, á að lesa jólaguðspjallið og svo framvegis. Þannig eru hefðir málamiðlanir á milli þeirra sem þær tilheyra og yfirleitt verður það ofan á sem hentar best, það sem á best við í því umhverfi sem hefðunum er ætlað að lifa í.

## Niðurstöður

Það verður líklega seint hægt að gefa endanlega skýringu á því hvað hefð sé en þó er gott að hafa ákveðin atriði í huga. Hefð er eitthvað sem er endurtekið og hverri endurtekningu er ætlað að vísa í einhvern fyrri atburð. Hefðir tilheyra hópum og hefðir eins hóps eru ólíkar hefðum annarra hópa. Hefðir eru leið hópa til þess að sýna út á við hverjir þeir eru og hverjir þeir eru ekki. Til þess að einfalda flókið mál og svara spurningunni um það hvað hefð sé má enda þessa grein með vísun í orð Elliot Oring þar sem hann segir að það megi í raun segja að hefð sé hvað það sem fólk segir að hefð þess sé (Oring, í prentun, bls. 226).

## Heimildir

- Árni Björnsson. (1986). *Dorrablót á Íslandi*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Ben-Amos, D. (1984). The seven strands of tradition: Variety in its meanings in American folklore studies. *Journal of Folklore Research*, 21(2/3), 97-131.
- Dundes, A. (1965). *The study of folklore*. Englewood Cliffs, N. J.: Prentice-Hall.
- Glassie, H. (2003). Tradition. Í B. Feintuch (ritstjóri), *Eight words for the study of expressive culture* (bls. 176-197). Urbana og Chicago: University of Illinois Press.
- Goffman, E. (1959). *The presentation of self in everyday life*. Edinborg: University of Edinburgh Social Sciences Research Centre.
- Hobsbawm, E. (1984). Introduction: Inventing traditions. Í E. Hobsbawm og T. Ranger (ritstjórar), *The invention of tradition* (bls. 1-14). Cambridge: Cambridge University Press.
- Homans, G. C. (1950). *The human group*. New York: Harcourt, Brace & Company.
- Klein, B. (1997). Tillhörighet och utanförskap – Om kulturarvspolitik och folklivsforskning i en multietnisk värld. *Kulturbeskrivning* grundad 1918, 1-2, 15-30.
- Lacan, J. (1977). The mirror stage as formative of the function of the I as revealed in psychoanalytic experience (Alan Sheridan þýddi). Í A. Sheridan, *Écrits: A Selection* (bls. 1-7). London: Tavistock.
- Mörður Árnason. (ritstjóri). (2007). *Íslenskt orðabók*. Reykjavík: Edda.
- Noyes, D. (2003). Group. Í B. Feintuch (ritstjóri), *Eight words for the study of expressive culture* (bls. 7-41). Urbana og Chicago: University of Illinois Press.
- Oring, E. (Í prentun). 12. Thinking through tradition. Í *Just folklore: analysis, interpretation, critique* (bls. 219-238). Los Angeles: Cantilever Press.
- Sören Sörenson. (1999). *Ensk-íslenskt orðabók: Með alfræðilegu ívafi*. Reykjavík: Mál og menning.
- Turner, V. (1969). *The ritual process: Structure and anti-structure*. Chicago: Aldine Pub. Co.
- van Gennep, A. (1909/1960). *The rites of passage* (Monika B. Vizedom og Gabrielle L. Caffee þýddu). Chicago: University of Chicago Press.